

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 19. maí 2015 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-42/2014:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 26. maí 2014 sl. bað X hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á ástandsskoðun bifreiðar, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði sér skaðabætur.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 11. júní sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til þess að skila þeim til 25. júní. Frekari gögn um málið og breytt kröfugerð barst frá álitsbeiðanda hinn 8. desember. Með bréfi, dags. 10. desember var seljanda sent afrit af téðum gögnum og frestur til að koma að athugasemdum við þau til 24. desember. Enginn andsvör eða athugasemdir bárust frá seljanda og engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 3. mars, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að 31. október 2013 keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af nánar tilgreindu einkahlutafélagi fyrir kr. 1.100.000. Var bifreiðin af gerðinni Isuzu Trooper, árgerð 2002, fyrst skráð 12. mars 2002 og við kaupin hafði bifreiðinni verið ekið 182.000 km. Var bifreiðin staðsett á bifreiðasölu á Akureyri, en álitsbeiðandi sjálfur skoðaði bifreiðina ekki, þar sem hann var þá búsettur á Neskaupstað við Norðfjörð. Fyrir kaupin bókaði álitsbeiðandi bifreiðina í ástandsskoðun hjá seljanda hinn 29. október, en seljandi er með starfsstöð á Akureyri. Greiddi álitsbeiðandi fyrir skoðunina með kreditkorti og fékk síðan starfsmann bifreiðasöluunnar til að koma bifreiðinni á starfsstöð seljanda. Kveðst álitsbeiðandi hafa óskað sérstaklega eftir því við seljanda að ástandsskoðunin yrði ítarleg þar sem til stæði að kaupa bifreiðina óséða, ef skoðunin kæmi vel út. Segir álitsbeiðandi að starfsmaður seljanda hafi fullvissað hann um að bifreiðin yrði skoðuð vel. Í kjölfar skoðunarinnar fékk álitsbeiðandi ástandsskoðunarskýrsluna senda í tölvupósti. Kom bifreiðin, að sögn álitsbeiðanda, mjög vel út úr skoðuninni í samanburði við aðrar breyttar jeppabifreiðar á svipuðum aldri sem Artic Trucks höfðu áður skoðað fyrir hann. Til að fá enn ítarlegri upplýsingar um skoðunina hringdi álitsbeiðandi einnig í þann starfsmann seljanda sem séð hafði um skoðunina og tjáði sá aðili honum að bifreiðin hefði verið skoðuð af þremur skoðunarmönnum í um klukkustund og henni m.a. reynsluekið. Á grundvelli þessara upplýsinga ákvað álitsbeiðandi að kaupa bifreiðina.

Hinn 10. desember 2013 sendi álitsbeiðandi seljanda tölvupóst og upplýsti hann um óánægju sína með umrædda ástandsskoðun. Í tölvupóstinum benti álitsbeiðandi m.a. á að eftir kaupin hefði komið í ljós að talsverður olíuleki var með vél, slag var í stýri, hurðalæsingar óvirkar, olía á sjálfskiptingu ónýt, öxulhosa rifin, felgur of mjóar og frostlögur var í olíu sem lekið hafði af vél bifreiðarinnar. Í sama tölvupósti sagði álitsbeiðandi að hann sæi fram á að ástandsskoðunin myndi líklega verða honum dýrkeypt og óskaði hann eftir viðbrögðum seljanda við því að skoðunarmenn þess hefðu að öllum líkindum vanrækt skyldur sínar við

gerð ástandsskoðunarinnar. Segir álitsbeiðandi að þegar enginn svör bárust hafi hann sent seljanda ítrekun hinn 17. mars, en án árangurs. Hinn 24. mars hringdi álitsbeiðandi í seljanda og óskaði eftir viðbrögðum, ásamt því að endursenda erindi sitt frá 10. desember. Degi síðar fékk álitsbeiðandi þau svör að erindi hans væri komið í réttan farveg hjá seljanda. Hinn 7. apríl hafði álitsbeiðandi aftur samband við seljanda, en ekkert hafðist upp úr því. Leitaði álitsbeiðandi í kjölfarið til kæruneftndarinnar með erindi sitt.

Álitsbeiðandi rekur að til að sanna að ástandsskoðun seljanda hafi verið gölluð, hafi hann fengið óháðan aðila til að ástandsskoða bifreið sína hinn 13. maí 2014. Segir álitsbeiðandi að í þeirri skoðun hafi verið gerð athugasemd við olíuleka með vél, slag í stýri, hurðalæsingar og felgubreidd, allt atriði sem tiltekin hefðu verið í tölvupóst til seljanda hinn 10. desember 2013. Þá hafi einnig verið gerðar athugasemdir við handbremsu, útblásturskerfi og bremsudiska að framan. Segir álitsbeiðandi að skoðunaraðili hefði talið að flest þau atriði sem gerðar voru athugasemdir við hefðu átt að sjást við ástandsskoðun seljanda. Þau atriði sem álitsbeiðandi hafði áður kvartað undan við seljanda, en ekki hafi verið gerð athugasemd í seinni ástandsskoðun hins óháða aðila hafi verið atriði sem álitsbeiðandi hafi þegar látið lagfæra, þ.e. öxulhosu og olú á sjálfskiptingu. Segir álitsbeiðandi að olíulekinn hafi einnig reynst svo mikill að hinn 13. maí 2014 hafi hann verið búinn að bæta 2 lítrum af olú á vélina frá því hann lét smyrja hana, að því er virðist hinn 11. mars 2014, en á því tímabili hafði bifreiðinni verið ekið tæpa 3.000 km.

Telur álitsbeiðandi að nákvæmni ástandsskoðunar seljanda hafi verið mun síðri en hann hafi áður kynnst og hafi skoðunin hvorki staðið undir væntingum hans né þeim almennu kröfum sem gera meg til óháðs fagaðila í ástandsskoðunum bifreiða. Segir álitsbeiðandi þetta best sjást með samanburði á ástandsskoðunarskýrslum seljanda og hins óháða aðila. Vísar álitsbeiðandi til prentaðrar lýsingar seljanda á framkvæmd ástandsskoðana. Segir álitsbeiðandi að hefði seljandi farið eftir þeim verklagsviðmiðum sem þar séu rakin, hefðu öll þau atriði sem álitsbeiðandi hafi bent á, átt að koma fram. Enn fremur telur álitsbeiðandi að þau atriði sem komu að auki fram í ástandsskoðun í maí sl. hefðu einnig átt að koma fram í ástandsskoðun seljanda. Telur álitsbeiðandi því ljóst að ástandsskoðun seljanda hafi verið gölluð í skilningi 9. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup. Segist álitsbeiðandi hafa greitt kr. 1.100.000 fyrir bifreið í þeirri trú að hún væri í góðu ástandi. Svo hafi ekki verið raunin. Segir álitsbeiðandi að hann hefði aldrei greitt þá fjárhæð fyrir bifreiðina hefði hann vitað ástand hennar væri jafn lélegt og raun bar vitni, og raunar telur álitsbeiðandi að hann hefði alls ekki keypt bifreiðina.

Álitsbeiðandi rekur jafnframt að seljandi hafi ekki sent sér frumrit reiknings vegna umræddrar ástandsskoðunar, sem álitsbeiðandi þó óskaði eftir og greiddi fyrir. Þegar óskað var eftir afriti kom í ljós að reikningurinn var stílaður á bifreiðasöluna. Að auki fékk álitsbeiðandi skoðunarskýrsluna senda fyrst frá bifreiðasölnunni, áður en hún barst frá seljanda, en álitsbeiðandi telur að það hafi skert samningsstöðu hans gagnvart bifreiðasalanum, en bifreiðasalan var einnig eigandi hinnar seldu bifreiðar.

Í bréfi sem barst frá álitsbeiðanda hinn 8. desember 2014 kemur fram að bifreiðin xx-000 sé orðið vélarvana og hafi verið tekin af númerum. Bifreiðin hafi bilað í lok október 2014. Bilanagreining hafi leitt í ljós að túrbína bifreiðarinnar var ónýtt auk þess sem vélin var mjög óþétt. Var áætlaður viðgerðarkostnaður á bilinu kr. 6-700.000. Telur álitsbeiðandi það ekki svara kostnaði að gera við bifreiðina. Krefst álitsbeiðandi þess að seljandi greiði sér skaðabætur, tiltekur hann bæði beinan kostnað sem hann hafi hlotið í tengslum við galla á bifreiðinni, sem og þá staðreynd að bifreiðin sé nú í raun ónýtt.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af ástandsskoðunarskýrslu seljanda, afrit af reikningi vegna sömu skoðunar, afrit af tölvupóstsamskiptum álitsbeiðanda við seljanda, afrit af upplýsingum seljanda um framkvæmd ástandsskoðana, afrit af ástandsskoðunarskýrslu þriðja aðila, afrit af kaupsamningi, afrit af reikningi vega söluskoðunar þriðja aðila og afrit af

reikningum vegna viðgerða á göllum á bifreiðinni. Þá fylgir síðara bréfi álitsbeiðanda afrit af reikningi frá verkstæði, þar sem staðfest er að túrbína umræddrar bifreiðar sé ónýtt og vél óþétt.

IV

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Seljandi hefur ekki sent kærunefndinni andsvör og verður að því er atvik málsins varðar að byggja á því sem kemur fram í þeim gögnum sem álitsbeiðandi hefur sent nefndinni.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 hinn 31. október 2013 fyrir kr. 1.100.000. Skömmu fyrir kaupin, eða hinn 29. október, framkvæmdi seljandi, að ósk og á kostnað álitsbeiðanda, ástandsskoðun á bifreiðinni. Í skoðuninni voru m.a. voru gerðar athugasemdir við lakk, loftnet, stefnuljós, slökkvitæki, sambandsleysi í ljósatengi fyrir eftirvagn, innréttingar og tekið fram að ABS ljós logaði í mælaborði. Fyrir ástandsskoðunina greiddi álitsbeiðandi kr. 10.800. Kom fram í álitsbeiðni að álitsbeiðandi hefði einnig átt í munnlegum samskiptum við þann starfsmann álitsbeiðanda sem framkvæmdi ástandsskoðunina og mun starfsmaðurinn hafa rakið að bifreiðin hefði verið skoðuð ítarlega af þremur aðilum í um klukkustund, og henni m.a. reynsluekið og niðurstaðan hefði verið sú að bifreiðin væri í góðu ástandi, utan áður tilgreind atriði.

Ekki liggur fyrir nákvæmlega hvenær álitsbeiðandi fékk bifreiðina í hendurnar, en hinn 10. desember 2013 sendi álitsbeiðandi seljanda bréf og kvartaði þar yfir því að olíuleki væri með vél bifreiðarinnar, slag í stýri, hurðalæsingar óvirkar, olía á sjálfskiptingu ónýtt, öxulhosa ónýtt, felgur of mjóar og frostlögur væri í olíu sem lekið hefði af vélinni. Taldi álitsbeiðandi að öll atriðin hefðu átt að sjást við ástandsskoðun seljanda. Þá leggur álitsbeiðandi fram ástandsskoðunarskýrslu frá þriðja aðila, framkvæmd 13. maí 2014, þar sem gerðar eru athugasemdir við framangreind atriði o.fl.

Hinn 8. desember 2014 sendi álitsbeiðandi kærunefndinni bréf þar sem fram kom að bifreiðin væri nú ógangfær vegna bilunar á túrbínu og væri það mat verkstæðis að kosta myndi á bilinu kr. 6-700.000 að gera við bifreiðina. Teldi álitsbeiðandi að ekki svaraði kostnaði að gera við bifreiðina úr því sem komið væri.

Sem fyrr greinir telur álitsbeiðandi að ástandsskoðun seljanda á bifreið hans hinn 29. október 2013 hafi verið haldin galla og krefst álitsbeiðandi skaðabóta úr hendi seljanda vegna þess.

Í 9. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup er fjallað um hvenær seld þjónusta telst gölluð. Í 1. tölulið 1. mgr. 9. gr. segir að seld þjónusta teljist gölluð ef: „árangur af unnu verki stenst ekki kröfur skv. 4. gr.[...]“ Þá segir í 5. tölulið sömu mgr. að seld þjónusta teljist einnig gölluð ef „árangur verks eða þjónustu verður minni eða hefur minna notagildi en ella fyrir neytanda eftir að áhætta flyst aftur til hans og rekja má orsök þess til vanrækslu seljanda.“ Í 1. mgr. 4. gr. laganna segir síðan: „Útseld þjónusta, sem veitt er í atvinnuskyni, skal ávallt vera byggð á fagþekkingu og í samræmi við góða viðskiptahætti sem tíðkast hverju sinni. Skyld er að veita allar upplýsingar og leiðbeiningar um vinnu verks með hagsmuni neytanda fyrir augum.“

Kærufndin hefur, líkt og framan greinir, leitað aðstoðar sérfræðings við úrlausn málsins. Er það mat sérfræðingsins að fallast megi á það með álitsbeiðanda að langflest þau atriði sem álitsbeiðandi gerði sjálfur athugasemdir við í bréfi sínu til seljanda hinn 10. desember 2013, hefðu átt að koma fram við ástandsskoðun seljanda á bifreiðinni hinn 29. október 2013. Ber þar sérstaklega að tiltaka olíusmit við túrbínu og undan heddi vélar bifreiðarinnar. Telur kærufndin að fallast verði á framangreint mat sérfræðingsins hvað þetta varðar. Þá verður vart séð að seljandi hafi fylgt eigin viðmiðunum við skoðun á bifreiðinni. Þjónusta álitsbeiðandi telst því, að mati kærufndarinnar, haldin galla skv. áðurnefndri 9. gr. laganna, sbr. og 4. gr. sömu laga. Telur kærufndin að útilokað sé að meta hvort kaupin hefðu yfir höfuð átt sér stað ef ástandsskoðun seljanda hefði verið framkvæmd með fullnægjandi hætti, hins vegar sé óhætt að áætla að kaupverð hefði orðið miklum mun lægra en raun varð, enda hefði fullnægjandi skoðun leitt í ljós að miklar líkur voru til þess að vél bifreiðarinnar væri í slægu ástandi.

Þegar seld þjónusta telst gölluð getur neytandi borið fyrir sig vanefndarúrræði laganna, þ.e. krafist úrbóta skv. 11. gr., afsláttar skv. 13. gr., riftunar skv. 14. gr. og skaðabóta skv. 15. gr. Álitsbeiðandi krefst skaðabóta skv. 15. gr. Verður að meta skaðabæturnar að álitum og er þá í fyrsta lagi tekið tillit til þess að bifreiðin nýttist álitsbeiðanda í tæpt ár, og að þrátt fyrir að bifreiðin sé nú metin ónýt, megi gera ráð fyrir því að hægt sé að selja hluta hennar í varahluti. Í öðru lagi er tekið tillit til þess að umrædd bifreið var mikið ekin, rúmlega 11 ára gömul breytt jeppabifreið. Slíkar bifreiðar geta bilað fyrirvaralítið með tilheyrandi tjóni. Telur nefndin eðlilegt að fjárhæð skaðabóta nemi kr. 250.000.

Það athugast að vegna vanhæfis formanns kærufndarinnar var Áslaug Árnadóttir hdl. sett formaður nefndarinnar ad hoc í máli þessu.

V

Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 250.000.

Áslaug Árnadóttir
settur formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir